



Fréttatilkynning
frá skrifstofu forseta Íslands

**LOFTSLAGSBREYTINGAR: SAMSPIL VÍSINDA OG STJÓRN MÁLA.
DR. PACHAURI HEIMSÆKIR ÍSLAND**

Hinn heimskunni vísindamaður og áhrifamaður í alþjóðlegum umræðum um loftslagsbreytingar dr. Rajendra Pachauri, formaður loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna, IPCC, heimsækir Ísland laugardaginn 19. september næstkomandi í boði forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar. Dr. Pachauri tók við friðarverðlaunum Nóbels fyrir hönd IPCC árið 2007 en Al Gore fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna hlaut þá einnig sömu verðlaun.

Dr. Pachauri flytur í boði Háskóla Íslands fyrirlestur sem opinn verður almenningi og mun hann fjalla um samspil vísinda og stjórnmála í glímuni við loftslagsbreytingar. Fyrirlesturinn verður í hátíðarsal Háskóla Íslands klukkan 11:30 laugardaginn 19. september og munu forseti Íslands og rektor háskólans einnig flytja stutt ávörp.

Dr. Pachauri mun einnig hitta að máli íslenska vísindamenn sem fengist hafa við rannsóknir á loftslagsbreytingum og bindingu kolefnis og hitta ýmsa áhrifamenn í íslenskum þjóðmálum. Að loknum hádegisverði á Bessastöðum eða um klukkan 14:30 verður hann reiðubúinn að ræða við blaðamenn og aðra fulltrúa íslenkra fjölmiðla.

Auk þess að hafa stýrt loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna á undanförunum árum og haft mótandi áhrif á skýrslu nefndarinnar er Pachauri jafnframt forstöðumaður vísinda- og tæknistofnunarinnar TERI á Indlandi sem fæst öðru fremur við rannsóknir á orkunýtingu og umhverfisvænum orkugjöfum. Samstarfssamningur var gerður milli Háskóla Íslands og TERI í tengslum við heimsókn forseta Íslands til Indlands í febrúar 2008.

17. september 2009.

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).